

Sjöundi fundur vetrarins í Gammadeild DKG, haldinn miðvikudaginn 23. mars, 2011, kl. 20:00 að heimili Anh-Dao Tran, að Bakkasmára 27, Kópavogi.

Fyrirlesari: Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis.

Tekið fyrir:

1. **Fundarsetning:**Formaður, Kristin Jónsdóttir, setti fund kl. 20:03, bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sótti 21 kona fundinn. Kristín þakkaði þeim sem komið höfðu á fagnað Etadeildar í Nauthól 18. mars sl. fyrir síðast en þar voru saman komnar um 40 konur og var þriðjungur þeirra úr Gammadeild.
2. **Fundargerð síðasta fundar:**Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
3. **Komandi atburðir:**Formaður minnti fundarkonur á eftirfarandi: a) Næsti fundur deildarinnar verður í boði Epsilon-deildar mánudaginn 23. maí nk. í Hveragerði; b) Evrópuþingið í Baden-Baden, tvær til þrjár Gamma-konur fara á þingið; c) Landssambandsþingið á Suðurnesjum 7.-8. maí nk. Efni þess verður m.a. samanburður á skólakerfum og niðurstöður alþjóðlegra prófa.
4. **Orð til umhugsunar:**Þau flutti að þessu sinni Björk Einisdóttir. Hún byrjaði á því að segja hve dýrmætt henni þætti að fá að vera hluti af þessum hópi Gammasystra. Síðan sagðist hún vilja gefa fundarkonum innsýn í starf sitt sem námsráðgjafi í Sæmundarskóla í Grafarholti í Reykjavík. Þetta er umfangsmikið starf en því miður er fyrirhugað að skera það niður um 10% nú í sparnaði borgarinnar. Það væri synd því oft væri þörf en þörfin hefði sjaldan verið meiri en nú fyrir námsráðgjafa í skólunum. Starfið næði m.a. yfir forvarnarstarf, fyrirbyggjandi starf, úrlausnir af ýmsu tagi og fræðslu. Hún legði í starfi sínu áherslu á að skapa nemendum sem bestar aðstæður, vera trúnaðarmaður þeirra eða „græðandi“, sinna náms- og starfsfræðslu og kennslu í námstækni eða vera „fræðandi“ og loks að efla sjálfsskilning nemenda eða vera „þroskandi“. Hún sagði frá kynningum á framhaldsnámi og áhugasviðsgreiningum í tengslum við þær. Í lokin flutti Björk ljóð sem hún hafði samið um starfið.
5. **Gestur kvöldsins.**Formaður kynnti gest okkar að þessu sinni en það var **Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis**. Steinunn lauk cand. juris prófi árið 1964 og var í stjórn Orators á námsárunum. Síðan fór Steinunn til starfa hjá yfirborgarfégeta, varð héraðsdómslögmaður og síðan hæstaréttarlögmaður árið 1995 og fór þá að reka eigin stofu, Borgarlögmenn, og varð aðjunkt við HÍ.

Steinunn hóf mál sitt á því að segja frá aðdraganda þess að hún var í október 2008 skipuð í skilanefnd Glitnis af Fjármálaeftirlitinu en varð síðan formaður slitastjórnar bankans. Hún sagði að gjaldþrotaréttur hefði verið sitt sérsvið og það hefði e.t.v. orðið til þess að hún var valin til þessa verkefnis. Atburðarásin var þannig að það var hringt í hana frá Fjármálaeftirlitinu og hún beðin að koma á fund kl. 20:00 þá um kvöldið. Efni fundarins snerist um að Glitnir væri í vandræðum og það ætti að skipa honum skilanefnd (e. resolution committee) sem ætti að taka við af stjórn bankans (gert þegar banki fellur). Kl. 11:00 það sama kvöld gekk nefndin á fund stjórnar bankans og tók við stjórn hans. Þannig var bankinn kominn undir þessa fimm manna stjórn. Það var unnið alla þá nótt og markmiðið var að bankinn gæti opnað morguninn eftir eins og venjulega. Þau sátu síðan næstu daga og vikur, 12 tíma á dag, við að slökkva elda, tóku á málum og tóku ákvarðanir. Í nóvember 2008 var síðan ákveðið að bankinn færi í greiðslustöðvun. Steinunn óskaði þá eftir lausn úr þessari stjórnarnefnd og tók að sér að hafa umsjón með því sem skilanefndin gerði og varð lögformlegur fulltrúi bankans erlendis sem m.a. fól í sér að mæta í réttarhöld og var í því verkefni fram í apríl 2009. Þá tóku gildi ný lög um slitameðferð fjármálafyrirtækja, þ.e. hvernig á skipta kröfum. Þá var ákveðnum bönkum skipaðar slitastjórnir (nýtt orð; e. vending up board) og Steinunn varð formaður þriggja manna slitastjórnar Glitnis. Skilanefndin starfaði áfram (einnig þriggja manna) og sér um eignir bankans og kemur þeim í verð (eru erlendis). Slitastjórnin sér aftur á móti um allt hitt, svo sem málshöfðanir, dómsmál, nauðungarsamninga o.fl. Þau auglýstu í 47 löndum eftir kröfuhöfum. Um 9.000 kröfur bárust að upphæð um 3.600 milljarðar kr.

Steinunn dreifði línuritum um eignir bankans og kröfur í þrotabúið. Á því fyrsta kemur fram að heildareignir Glitnir voru metnar á 1.874 milljarða kr. (landsframleiðsla hér á landi árið 2010 var metin á 1.540 milljarða kr.), en eignir bankans efir niðurfærslu og skuldajöfnuð, þ.e. mögulegar endurheimtur, eru taldar 814 milljarðar kr. (áætluð útgjöld hins opinbera á Íslandi eru 577 milljarðar kr.). Hún benti á að þetta var einn af þremur bönkum en Glitnir á nú 95% í Íslandsbanka en ríkið 5%. Flestar kröfurnar eru frá Ítalíu (27%), Bandaríkjunum (25%) og Bretlandi (16%) en hæstu kröfurnar eru frá Bretlandi (tæplega 700 milja.kr.), Íslandi (frá hinum bönkunum; rúmlega 500 milja.kr.) og Bandaríkjunum (tæplega 500 milja.kr.). Þetta uppgjör er gríðarleg vinna. Við það vinna um 50 manns (fyrir bæði skilanefnd og slitastjórn) auk erlendra ráðgjafa, 10 til 11 tíma vinnu á dag. Fara þarf yfir hverja einustu kröfu og sumar ganga út frá því sem gerast átti í framtíðinni. Nú eru um 600 kröfur eftir og eru þær um 25% af heildarupphæðinni. Þær eru mjög sjaldan samþykktar eins og þeim er lýst, eru yfirleitt lækkaðar og oft hafnað. Kröfuhafar eru oft ekki sammála; það verður ágreiningsmál sem endar oft hjá dómstólum. Nú eru mörg hundruð slík mál í gangi. Það tekur mikinn tíma hjá dómstólum að fara yfir málin. Það fer fram munnlegur málflutningur og síðan er kveðinn upp úrskurður. Öllum málum hefur verið vísað til hæstaréttar. Kröfur er unnt að framselja, þannig fara þær á verðbréfamarkað. Kröfur í Glitni eru mjög vinsælar!

Nú er bankinn einnig í bókhaldsrannsókn, spurt er hver ástæðan var fyrir því að fór sem fór. Fengnir voru sérfræðingar til aðstoðar og rannsóknin hefur leitt til málaferla. Tilkynnt er til sérstaks saksóknara og Fjármálaeftirlitsins ef lögbrot kemur fram. Þegar hafa verið sendar tugir slíkra tilkynninga. Þá taka þessir aðilar við lögbrotunum.

Nú liggja nokkur hundruð milljarða fyrir í reiðufé erlendis og spurningin er hvernig á að koma þeim til kröfuhafa. Fyrst þarf að taka afstöðu til forgangskrafna sem eru í forgangi að lögum, t.d. launakröfur og kröfur vegna innistæðna. Sumt er óljósara.

Í lokin á erindi sínu útskýrði Steinunn heildsölulán og þýðingu skilgreiningar á þeim í þessu sambandi. Heildsölulán eru lán sem einhver lánar banka fyrir ákveðna vexti í ákveðinn tíma. Í þessu sambandi er spurning hvort þetta séu lán eða innstæður. Þau í slitastjórn Glitnis segja að þetta séu lán. Málið er nú hjá héraðsdómi og verður dæmt í því á næstunni. Ef þetta eru lán þýðir það að Landsbankinn getur borgað allar sínar kröfur (reyndar koma vextir á ríkið) og Glitnir allar forgangskröfur.

Að erindi Steinunnar loknu hófust umræður. Hún var fyrst spurð um starfsmenn slitastjórnarinnar. Þeir eru lánasérfræðingar, bókhaldarar og lögfræðingar, auk tveggja erlendra lögfræðistofa og endurskoðenda. Föllnu bankarnir eru vinsælir vinnustaðir, þar er ekki hörgull á vel menntuðu fólki. Enginn hjá þeim er úr efstu lögum bankanna. Þau leggja áherslu á gagnsæi og mikla upplýsingamiðlun á heimasíðu. Þess vegna vilja menn kaupa kröfurnar. Dæmt er í öllum af íslenskum dómstólum. Steinunn sagði aðspurð að dómara hér á landi væru vel menntaðir og reyndir. Þau í slitastjórninni flytja öll sín mál. Erlendir aðilar ráða sér íslenska lögmenn. Skjöl eru meira og minna á ensku. Bankinn var íslensku þótt hann væri alþjóðlegur banki því er þetta íslenskt gjaldprot. Málflutningurinn í New York í Bandaríkjunum var vegna þess að þar var skuldabréfaútböð, boðnir háir vextir og seldist vel. Þau vildu ná til skuggastjórnenda sem er erfitt í íslensku lagaumhverfi. Þau vildu ná til þeirra sem högnuðust á falli Glitnis en ekki þeirra sem tóku ákvarðanir. Þótt sá málflutningur gengi ekki upp skilaði hann ýmsu fyrir slitastjórnina.

Að lokum var Steinunn spurð um stærsta sigurinn í þessu ferli. „Ná stjórn á ástandinu í byrjun, geta slökkt elda og haldið málinu áfram, svo og góðu samskiptin við kröfuhafana.“ Stærstu vonbrigðin voru málaferlin í N.Y. Steinunni líkar þetta starf vel, skrifaði lokaritgerð í lögfræði um gjaldprot, en það eru langir vinnudagar og mikið um ferðalög, í eina til tvær vikur í mánuði. Þessi vinna mun standa í tvö til þrjú ár enn.

6. Veitingar bornar framí boði nokkurra Gammasystra.

7. Eftir kaffið var Steinunn spurð um kvennavinkilinn í starfinu. Hún sagðist vera í algeru karlasamfélagi eins og námið í lögfræðinni var fyrir 22 árum þegar hún útskrifaðist. Hún var kona nr. 19 sem tók réttindi sem hæstaréttarlögmaður. En hún hefði aldrei fundið fyrir því í starfi að vera kona og aldrei fundið fyrir fordómum sem kona. Hún væri bóndadóttir úr sveit og hefði fengið fullt af tækifærum. Steinunn sagðist aðspurð ekki vita hvort konur störfuðu í þessum geira öðru vísi

en karlar. Það er gerðar miklar kröfur til allra, ef þau gera minnstu mistök verður þeim stefnt. Spurð að því sem henni kom mest á óvart, sagðist hún hafa talið að allir gengu frá öllu á ábyrgan hátt en varð undrandi á því hvað allt var laust í reipunum og fékk að vera það án þess að menn væru stoppaðir af frá eftirlitsstofnunum.

8. **Formaður þakkað Steinunni** afar fróðlegt erindi og færði henni rós DKG að gjöf. Hún færði húsráðanda Anh-Dao einnig rós og þakkað húsaskjólíð og þakkaði að lokum þeim konum sem komið höfðum með veitingar. Formaður sleit fundi kl. 22:00.

9. **Söngur.**Þá tók söngurinn við. Þórunn stjórnaði fjöldasöng og m.a. var sungið *Þungt ymur þorrinn*, texta eftir Jónas Árnason og *Hallelúja* eftir Leonard Cohen og texti eftir Hinrik Bjarnason.

GGÓ fundarritari